



## Skógræktin

Miðvangi 2  
700 Egilsstaðir

Reykjanesbær, 3. júní 2021  
Mál nr. 2021050154

### Efni: Landsáætlun í skógrækt – Umsögn

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21.5.2021 og staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 1.6.2021

Óskað er eftir umsögnum um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar.

Landsáætlun í skógrækt fjallar um málaflokkinn skógrækt, sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Skógræktin er sú ríkisstofnun sem fæst við málaflokkinn. Heildstæð stefna á þeim forsendum sem hér gilda hefur ekki áður verið unnin. Lokaafurð er heildarstefna í skógrækt á Íslandi til næstu 10 ára.

*Sveitarfélagið gerir ekki athugasemd við landsáætlun í skógrækt 2021-2030.*

*Með vísan til ákvæða stjórnarsýslulaga nr.37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær – merkt skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar.*

*Að auki er þér bent á að teljir þú að hér sé um að ræða ágreiningsmál milli þín og embættisins, getur þú vísað málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um. Þá ákvörðun sem kæra skal.*

Ofangreint tilkynnist hér með  
f.h. Reykjanesbæjar